



Kópavogi, 17. maí 2025
2209345/211.00 RH

Efni: Nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn - Ágrip

Á fundi menntaráðs þann 5. nóvember 2024 var lögð fram ársskýrsla um stuðning við nemendur með annað tungumál en íslensku og eftirfarandi bókað í kjölfar umræðna um stöðu nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn:

Menntaráð felur menntasviði að upplýsa ráðið um allar aðgerðir sem unnið er að nú þegar og leggja fram tillögu um frekari aðgerðir til að efla stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025 verði veitt frekari fjármagni til að fylgja tillögnum eftir.

Fyrirspurn frá Sigurbjörgu Erlu Egilsdóttur, Einari Erni Þorvarðarsyni, Donata H. Bukowska og Tryggva Felixsyni: Hvernig er skipulagi á stuðningi við fjöltyngda nemendur og nemendur með íslensku sem annað mál háttað í hverjum skóla fyrir sig þ.e. fjöldi kennslustunda á viku, hver sinnir ÍSAT kennslu, hvar fer stuðningurinn og kennslan fram? Hver er fjöldi nemenda sem fær stuðning og á hvaða formi? Hvernig er fjármagni sem Kópavogsbær fékk úthlutað á síðasta ári úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ráðstafað? Árið 2023 fékk Kópavogsbær 113.220.000 kr úr jöfnunarsjóði v.nemenda með íslensku sem annað tungumál. Áætluð framlög fyrir árið 2024 eru 141.190.596 kr. Hvernig ráðstafa skólar (hver og einn) þessu fjármagni? Menntaráð vísar fyrirspurn til menntasviðs til úrvinnslu.

Lagt er fram minnisblað ásamt yfirliti yfir kennsluskipulagi í hverjum skóla fyrir sig, móttökuhandbók og ársskýrslu um stuðning við nemendur með annað móðurmál en íslensku sem svar við bókun.

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar